

Skólaráðsfundur 8. desember 2014

**Mættir:** Aníta Jónsdóttir og Elfa Gylfadóttir foreldrafulltrúar, Lára Gunnarsdóttir fulltrúi starfsmanna, Eyrún Skúladóttir skólastjóri. Fríða Pétursdóttir og Margrét Ingimundardóttir kennarafulltrúar. Róbert Orri Heiðmarsson nemendafulltrúi.

Elín skrifaði fundargerð.

## **Desember**

Mikil spenna í nemendum. Reynum að hafa skólastarfið í góðum skorðum. Það eru ýmsar ferðir í gangi og próf í nokkrum bekkjum. Ýmsar hefðir sem eru í desember sem haldið er í. Litlu jóla 18. og 19. desember. Örlítill breyting á tímasetningu þeirra yngstu. Skólastarfið hjá nemendum hefst aftur á nýju ári þann 6. janúar kl. 8:15.

## **Nám og kennsla – vinna við námskrá**

Nýjar reglur um námsmat eru komnar frá Menntamálaráðuneytinu. Mentor verður með kynningu á nýju kerfi á kennarafundi 17. desember. Margt sem hefur verið endurbætt hjá Mentor.

Hæfniviðmiðin hafa þar verið sett upp fyrir skólana og ætlar skólinn að skoða hvernig það getur nýst hér. Hjá Mentor er komið nýtt viðmót fyrir foreldra.

## **Samræmd próf og PISA**

Skoðuð voru meðaltöl síðustu ára á samræmdum prófum. Skólinn mun á komandi mánuðum skoða vandlega skólastarfið og leggja til hugmyndir um hvað best sé að gera í þeim tilgangi að bæta niðurstöður. Skoða þarf líka viðhorf samfélagsins til skóla og menntunar. T.d. ber alltof mikið á því að ekki sé borin virðing fyrir skiladögum verkefna og að börnin lesi heima.

## **Læsi**

Í gangi er vinna meðal allra grunnskólanna á Akureyri um læsi. M.a. er í farvatninu að samræma öll skimunarpróf. Í Glerárskóla hefur verið lögð mikil áhersla á að efla yndislestur og það er uppsveifla í útláni á bókasafninu.

## **Þarfagreining fyrir umferðaöryggi og aðgengi að skólanum**

EFLA hefur skilað inn skýrslu til Glerárskóla um umferðaöryggi og aðgengi að skólanum. Ábendingar komu um nokkur atriði sem skólaráð er sammála um að flestar séu góðar. Í skýrslunni er mælt til að hafa íþróttasvæði Þórs opið fyrir gangandi vegfarendur en skólaráð setur spurningamerki við það. Einnig setur skólaráð spurningamerki við að það sé góður kostur að setja upp grind framan við strætóskýlið, slíkt geti jafnvel kallað á meiri slyshættu ef börn fara að klifra á því. Rædd sú hugmynd hvort ekki sé möguleiki að útbúa sleppisvæði út frá bílaplaninu við Árholt.

## **Önnur mál**

- Ábending frá foreldrafulltrúa um þörf á meiri hvatningu frá skólanum til heimila um að nemendur gangi í skólann.
- Foreldri hefur haft samband við stjórn foreldrafélagsins og boðið skólanum að nýta græjur fyrir útvarpsstöð.

Hér vék fulltrúi nemenda af fundi.

## **Fjárhagsáætlun 2015 - 2016**

Umræða um áætlun næsta árs.

Næsti fundur fyrirhugaður 12. janúar 2015.

Elín E. Magnúsdóttir.